

Ed.

34. Tillaga

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Sig. Stefánsson, Ari Jónsson, Jens Pálsson.

Ráðherra Íslands hefir lagt alt kapp á að koma fram »frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, sem mikill meiri hluti þjóðar og þings telur lögfesta Ísland í danska ríkinu. Hann leggur frv. þetta fyrir þingið nú og mælir enn fastlega með því óbreyttu. Hann hefir og gengið þvert í móti vilja islenskra kjósenda, er hann valdi síðast konungkjörna þingmenn. Enn er það, að þjóð og þing telur ýmsar stjórnarráðstafanir hans vitaverðar.

Fyrir því ályktar deildin að lýsa yfir því, að vegna samvinnu ráðherraús við þingið og eftir sjálfsögðum þingræðisreglum vænti hún þess, að hann biðjist þegar lausnar.